



2022100497 / 18-301

Samstarfssamingur Akureyrarbæjar og Samtakanna '78 um fræðslu

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Samtökin '78, kt. 450179-0439 gera með sér samning um þjónustu Samtakanna '78 við Akureyrarbæ frá haustönn 2023 til og með vorönn 2026 með þeim skilmálum sem greinir í samningi.

Af hálfu Akureyrarbæjar ber fræðslu- og lýðheilsusvið ábyrgð á samskiptum við félagið. Tengiliður hverju sinni er forstöðumaður tómtundamála.

Samtökin '78 veita Akureyrarbæ eftirfarandi þjónustu gegn ákveðnu fjárframlagi bæjarins fyrir hvern þjónustubátt sem hér greinir:

1. Fræðsla til starfsfólks grunnskóla

- Fyrsta ár þjónustusamningsins veita Samtökin '78 starfsfólki grunnskóla fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk skóla hafi þekkingu á hinsegin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í skólastarfi grunnskólanna. Fræðslan dreifist á nokkra daga, en ekki skulu fleiri en 25 starfsmenn í hverjum hóp sitja fræðsluna í hvert skipti. Samtals er samið um 20 fræðsluerindi fyrir starfsfólk á skólaárinu 2023-2024, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Fyrir þau erindi greiðir Akureyrarbær 996.000 kr.
- Seinni tvö árin veita Samtökin '78 nýju starfsfólki grunnskólanna fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Sú fræðsla fer fram á einum degi á önn, frá haustönn 2024 til vorannar 2025. Samtals fjögur fræðsluerindi á þeim tíma, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Akureyrarbær 199.200 kr. fyrir þau fræðsluerindi.
- Til þess að bregðast við einstaka málum innan bekkjardeilda þá aukin heldur semur Akureyrarbær um fjögur fræðsluerindi frá Samtökunum '78 sem ráðstafa má á hvaða bekkjardeild sem er innan skóla Akureyrarbæjar. Akureyrarbær greiðir Samtökunum '78 199.200 kr. fyrir þau fræðsluerindi á ári.

2. Fræðsla til nemenda grunnskóla

Samtökin '78 fræða ungmenntu í grunnskólum Akureyrar, þrjá árganga á ári (3. bekk, 6. bekk og 9. bekk). Fræðslan fer fram á skólatíma og er breytileg milli árganga, en gert er ráð fyrir 40 mínútum að hámarki í 3. bekk, 60 mínútur í 6. bekk og 80 mínútur í 9. bekk. Fræðslan er

reglubundin einu sinni á skólaári. Fyrir þessi fræðsluerindi greiðir Akureyrarbær 1.120.500kr. á ári.

3. Fræðsla til stjórnenda til stjórnenda og kjörinna fulltrúa og nefndarmanna

Samtökin '78 fræða stjórnendur sem vinna hjá Akureyrarbæ og kjörna fulltrúa og nefndarmenn hjá Akureyrarbæ. Fræðslan fer fram einu sinni á ári og er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Akureyrarbær 49.800 kr. fyrir hverja fræðslu.

4. Ráðgjöf Samtakanna '78

Ungmenni í Akureyrarbæ fá aðgang að ráðgjöf Samtakanna '78 án endurgjalds. Akureyrarbær greiðir Samtökunum '78 312.018 kr. fyrir umrædda þjónustu á ári eða 937.554 kr. á samningstímanum. Samtökin '78 hafa jafnframt möguleika að kynna umrædda þjónustu fyrir nemendum grunnskólanna í nemendafræðslum.

5. Fræðsla til starfsfólk leikskóla

Allir leikskólar hafa möguleika á því að bóka fræðsluerindi hjá Samtökunum '78. Þau fræðsluerindi verða greidd skv. gjaldskrá Samtakanna '78.

6. Fræðsla til félags- og frístundamiðstöðva

Samtökin '78 bjóða ungmennum í félagsmiðstöð eða frístundamiðstöð upp á fræðsluerindi, jafnframt er starfsfólki boðin fræðsla. Frætt er í hópum, ekki fleiri en 25 í hóp, ásamt því að starfsfólk er frætt saman, ráðgert er að hver fræðsla til ungmenna sé klst. en til starfsfólks tvær klukkustundir. Einnig er starfsfólki boðið í vettvangsferð í hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna '78. Fyrir þessa fræðslu greiðir Akureyrarbær 224.100 kr. á ári eða 672.300 kr. á samningstímanum.

7. Fræðsla til þjálfara íþróttafélaga

- a. Fyrsta ár þjónustusamningsins veita Samtökin '78 öllu starfsfólki íþróttafélaga Akureyrarbæjar fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk íþróttafélaganna hafi þekkingu á hinsegin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í starfi íþróttafélaganna. Fræðsluerindið dreifist á nokkra daga, en ekki skulu fleiri en 25 starfsmenn í hverjum hóp sitja fræðsluna í hvert skipti. Samtals er samið um eitt fræðsluerindi fyrir allt starfsfólk íþróttafélaga á skólaárinu 2023-2024, það erindi er tvær klukkustundir. Fyrir það erindi greiðir Akureyrarbær 49.800 kr.
- b. Frá haustönn 2024 til vorannar 2026 veita Samtökin '78 nýju starfsfólki íþróttafélaganna fræðslu um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni fólks. Sú fræðsla fer fram á einum degi á skólaári. Samtals tvö fræðsluerindi á þeim tíma, hver fræðsla er tvær klukkustundir. Samtals greiðir Akureyrarbær 99.600 kr. fyrir það fræðsluerindi.

Skyldur Samtakanna '78

Samtökin '78 hafa þær skyldur að sjá til þess að sá sem sér um fræðslu hafi ekki hlotið refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. Kafla almennra hegningarlaga.

Trúnaður Samtakanna '78

Við fræðslu gætu Samtölin '78 haft aðgang að gögnum og upplýsingum sem teljast persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 90/2018. Fræðsla getur því tekið mið af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Öll gögn, þ.á.m. persónuupplýsingar og aðrar þær upplýsingar sem Samtökin '78 hafa aðgang að gegnum Akureyrarbæ teljast trúnaðarupplýsingar. Þeir sem sjá um fræðslu á vegum Samtakanna '78 og starfsmenn, eru bundnir þagnarskyldu um þau atriði sem þeir komast að vegna fræðslu samtakanna á vegum Akureyrarbæjar. Þagnarskyldan helst eftir að samningssambandi lýkur.

Samtökunum '78 er óheimilt að framsenda, selja, afhenda eða gefa þriðja aðila upplýsingar eða gögn sem samtökin fá í hendur á grundvelli samnings þessa.

Annað

Fræðsla Samtakanna '78 er með vönduðustu hinseginfræðslu á Íslandi, byggir á gagnreyndum aðferðum, nýjustu rannsóknum og í góðu samráði við hinsegin fólk.

Í upphafi annar/árs skal liggja fyrir tillaga að skipulagi frá grunnskólum á fastri þjónustu Samtakanna '78 skólaárið fyrir hvert almanaksár. Verði aðstæður hjá Samtökunum '78 þess efnis að ekki næst að standa við alla þjónustubætti verður samningsupphæð næsta árs á eftir minnkuð sem því nemur.

Miðað er við það að samningurinn sé metinn einu sinni á ári og uppfærður út frá nýjum forsendum eftir því við á, en ávallt skal haldið í þriggja ára tímabil.

Ferðakostnaður er greiddur af verkkaupa, en leitast skal allra leiða til að hafa hann sem lægstan t.d. með því að Samtökin '78 fræði yfir styttri tíma og taki sem flestar fræðslur í hverri ferð.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og hefur hvor aðili um sig eitt eintak af honum

Skipting greiðslna eftir árum miðað við fræðsluáætlunina:

2023 1.229.757 kr.
2024 2.230.842 kr.
2025 2.230.842 kr.
2026 1.370.012 kr.

Fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs. Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi í því skyni



að laga það að breyttum aðstæðum. Samtökin '78 á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

Samtökin '78 senda Akureyrarbæ rafrænan reikning eftir því sem fræðsluáætluninni vindur fram. Senda skal reikning fyrir hverja fræðslu sem fram hefur farið og reikningurinn auðkenndur vegna hvers fræðslan er og merktur viðeigandi aðila. (skóla-starfsmannahóp eða íþróttafélagi o.s.frv.)

Reikningur greiðist að jafnaði innan 20 daga frá því hann berst Akureyrarbæ.

Vottun og eftirfylgni

Þessi fræðslusamningur ber með sér afar umfangsmikla fræðslu til starfsfólks, barna og ungmenna í Akureyrarbæ. Samtökin '78 munu bjóða upp á eftirfylgni ásamt því að vinna að vottun fyrir sveitarfélagið.

Vanefndir og ágreiningur

Verði ekki staðið við samning þennan af hálfu Samtakanna '78 áskilur Akureyrarbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt.

Verði verulegar vanefndir eða forsendubrestur er Akureyrarbæ heimilt að segja samningi upp með 3ja mánaða fyrirvara eða rifta samningi að undangenginni aðvörun með sjö daga fyrirvara fyrirvaralaust ef riftunarástæður eru fyrir hendi.

Gildistími og önnur ákvæði

Þessi samningur er uppseggjanlegur með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Samningurinn er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki. Samningurinn gildir frá haustönn 2023 til og með vorönn 2026.

Akureyri
5. maí 2023

f.h. Akureyrarbæjar

Ásthildur Stursludóttir
bæjarstjóri

f.h. Samtakanna '78

Daniel E. Arnarson
framkvæmdastjóri